

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, fimmtudaginn 5. apríl var haldinn 366. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Arnarholti og hófst kl. 09:10.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Pétur Óskarsson Hafnarfirði og Theódór Kristjánsson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um stöðuna á vinnu við stefnumótun skíðasvæða.
 - kl. 09:25 vék Ómar Einarsson af fundi.
2. Lögð fram bréf Inga Rafnar Júlíussonar ódags. og dags. 19. mars sl. varðandi rekstur á skíðasvæðunum.
Jafnframt lagt fram minnisblað forstöðumanns Skíðasvæðanna varðandi málið.
3. Lagt fram bréf borgarráðs dags. 26. mars sl. þar sem vísað er til meðferðar verkefnahóps vegna uppbyggingar og rekstur skíðasvæðanna tillögu Áslaugar Maríu Friðriksdóttur um úrbót á skíðaaðstöðunni í Skálafelli.
4. Lagt fram bréf skíðaráðs Reykjavíkur og skíðadeilda Ármanns, KR, Breiðabliks, ÍR, Víkings og skíðagöngufélagsins Ullar dags. 27. mars sl. varðandi stefnumótun á skíðasvæðum.
5. Lagt fram fjárhagsuppgjör vegna ársins 2017.

Fundi slitið kl. 10:00.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Magnús Örn Guðmundsson
Pétur Óskarsson

Anný Berglind Thorstensen
Theódór Kristjánsson